21 10. febr.

	G. Ýmislegt.	Í peningum. kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur.	Alin. aur.
38.	1 cr 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, . pundið á	15	96	95	76	80
39.	— 40 — — — óhreinsuðum . . — -	»	»	»	»	»
40.	— 120 — — fuglafiðri . . . . . 10 pund -	6	95	83	40	70
41.	— 480 — — fjallagrösum . . . . — — -	1	34	64	32	54
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir	2	27	54	48	45
43.	5 — 1 lambsfóður	5	46	131	4	109
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eptir A. eða í fríðu			110	38	92
	— *B.* — - *ullu, smjöri og tólg*			68	70	57
	— *C.* — - *ullar tóvöru*			74	72	62
	— *D.* — - *fiski*			70	69	59
	— *E.* — - *lýsi*			39	45	33
	— *F.* — - *skinnavöru*			64	62	54
	En meðalverð allra landaura samantalið og skipt með 6, sýnir:					
	meðalverð allra meðalverða			**71**	**42**	**60**

Reykjavík, 10. dag febrúarmán. 1885.

Magnús Stephensen *P. Pjetursson.*
settur.

22 20. febr. **Brjef landshöfðingja** *til bæjarfógetans í Reykjavík* **um samþykki til kaupa á jörðunum Laugarnesi og Kleppi handa Reykjavíkur kaupstað og til lántöku í því skyni.** — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 19. desembr. f. á., veiti jeg hjermeð samkvæmt 19. gr. tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík, 20. apríl 1872, samþykki mitt til þess, að Reykjavíkur kaupstaður kaupi Laugarness- og Kleppseignina í Seltjarnarnesshreppi fyrir 10,200 kr., er borgist af kaupstaðnum á þann hátt til eigendanna, að bæjarstjórn Reykjavíkur útgefi fyrir þeirri upphæð, er lúka á til þeirra, handhafa-veðbrjef uppá 100 kr. hvert, sem sjeu óuppsegjanleg af hálfu eigenda þeirra og ávaxtist með 4% í ársvöxtu.

Sömuleiðis veiti jeg samþykki mitt til þess að kaupstaðurinn taki að sjer lán það til landssjóðs, að upphæð 3200 kr., sem hvílir á hinni keyptu eign, þannig að bæjarstjórnin gefi út fyrir þessu láni nýtt skuldabrjef, er leggi vaxtagreiðslu af láninu á kaupstaðinn Reykjavík frá 11. desbr. f. á. og að öðru leyti með sömu ákvörðunum og hið eldra skuldabrjef fyrir láninu, þarámeðal þeirri, að lánið sje uppsegjanlegt með hálfs árs fyrirvara.

LAUSN FRÁ EMBŒTTI.

27. febrúar veitti landshöfðingi presti að Miklabæ í Blönduhlíð, sjera Jakob Benediktssyni lausn frá embætti frá næstkomandi fardögum með eptirlaunum, sem síðar verða ákveðin.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Miklibær í Blönduhlíð í Skagafjarðarprófastsdæmi (Miklabæjar Silfrastaða og Flugumýrarsóknir). Metið kr. 1077,99 Auglýst 28. febr. 1885.

LEIÐRJETTING.

I verðlagsskránni fyrir Borgarfjarðarsýslu á bls. 17 hjer að framan hefur misprentast í samlagningu á meðalverði landauranna 450 (kr.) í staðinn fyrir 430.